

## Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Strákar lesur saman - að efla læsi drengja út frá áhugahvöt þeirra



UMS - 197

2021 - 2022

## Efnisyfirlit

Upplýsingar um verkefnið .....	3
Markmið verkefnisins .....	3
Upphafið .....	3
Haustið 2021 .....	3
Vinnan yfir veturinn .....	4
Undirbúningur með nemendum .....	4
Samvinna nemenda .....	4
Verkefnavinna nemenda .....	4
Helstu hindranir .....	7
Mat á verkefninu .....	7

## Upplýsingar um verkefnið

Nafn skóla: Glerárskóli og Naustaskóli

Heiti verkefnis: Strákar lesum saman - að efla læsi drengja út frá áhugahvöt þeirra.

Ábyrgðarskóli: Glerárskóli

Skólastjóri ábyrgðarskóla: Eyrún Skúladóttir

Ráðgjafi og verkefnisstjóri: Anna Sigrún Rafnsdóttir, sérfræðingur hjá MSHA

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: UMS – 197, 2021 -2022

### Markmið verkefnisins

Glerár- og Naustaskóli hafa verið að vinna í þróunarverkefninu Læsi fyrir lífið. Í því verkefni er búið að leggja góðan grunn í Læsisvinnu sem skólarnir höfðu áhuga á að styrkja enn betur.

Markmið verkefnisins var að koma til móts við nemendur og þá sérstaklega drengi og vinna með áhugahvöt þeirra í læsi og framsetningu námsefnis með hliðsjón af þeim verkfærum sem upplýsingatæknin býður upp á. Unnið var út frá áhugahvötinni og lögð rík áhersla á að kynna verkfæri í upplýsingatækni sem geta stuðlað að auknu læsi hjá drengjum. Þó svo að horft hafi sérstaklega verið á drengi í þessu verkefni þá var þetta verkefni keyrt fyrir alla nemendur. Markmiðið var að styðja og styrkja kennara við að finna leiðir til efla drengi til að leggja rækt við áhugahvöt, sjálfstæði, einstaklingsmiðun og ábyrgð þeirra í námi.

Aðalráðgjafi verkefnisins var Anna Sigrún Rafnsdóttir, sérfræðingar hjá Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Einnig var fenginn utanaðkomandi ráðgjafi í verkefnið Helena Sigurðardóttir kennsluráðgjafi við Háskólann á Akureyri sem hefur sérhæft sig í notkun verkfæra í upplýsingatækni sem styðja við námsaðlögun nemenda.

### Upphafið

Vorið 2021 var lögð könnun fyrir nemendur. Í þeirri könnun voru nemendur m.a. inntir eftir líðan í skóla og hvernig þeim finndist hæfni þeirra vera gagnvart lesri. Einnig voru þeir spurðir út í áhugamálín sín.

Mjög svipaðar niðurstöður komu frá báðum skólunum. Varðandi líðan þá voru niðurstöðurnar þessar að í öðrum skólanum voru það 62,1% nemenda sem leið almennt vel eða mjög vel. Nemendum sem leið sæmilega voru 26,2%.

Í hinum skólanum voru það 62,7% nemenda sem leið almennt vel eða mjög vel, og 29,7% sem leið sæmilega.

Í báðum skólunum kom það skýrt fram hjá nemendum að þeir áttu fjölmörg áhugamál af ýmsum toga.

### Haustið 2021

Rætt var við nemendur og verkefnið kynnt fyrir þeim. Í ágúst voru haldin námskeið fyrir kennara. Markmið námskeiðsins var að kynna þau verkfæri sem upplýsingatæknin býður upp á fyrir nemendur til að styðja við þá í lestri og lesskilningi. Helena Sigurðardóttir, kennsluráðgjafi við Háskólann var með eitt námskeið í sitt hvorum skólanum. Kennarar voru ánægðir með námskeiðið og töldu það færa sér góða innsýn yfir þau verkfæri sem nemendur stendur til boða að nýta í skólanum.


## Vinnan yfir veturinn

Haldin voru 4 námskeið/fundir yfir skólaárið síðan var í lok skólaársins fundur til að gera upp starfið.

Á námskeiðunum kynnti ráðgjafi ýmis verkfæri sem nemendur geta nýtt við vinnslu og úrvinnslu verkefna. Ráðgjafi bjó til google síðu þar sem kennarar höfðu alltaf aðgang að þeim forritum og hugmyndum sem ræddar höfðu verið á námskeiðunum. Á námskeiði í upphafi verkefnisins var farið yfir mikilvægi þess að nemendur væru meðvitaðir um markmið og tilgang verkefnisins. Að kennarar myndu leggja töluverða vinnu í innlögn þannig að nemendur væru vel í stakk búnir til að vinna verkefnið.

## Undirbúningur með nemendum

Til að leiða nemendur af stað í vinnu voru kennarar með innlögn þar sem þeir fóru vel yfir hvaða verkfæri nemendur gætu notað. Einnig fóru þeir yfir matskvarða og létu nemendur vita í upphafi verkefnis hvað í vinnunni yrði metið. Rifjað var upp með nemendum KVL rammi sem nemendur höfðu fengið æfingu í að nota skólaárið 2020-2021. Í öllum verkefnum nýttu nemendur þann ramma.



## Samvinna nemenda

Lagt var upp með að nemendur gætu unnið saman og stutt við hvern annan en myndu samt alltaf skila sinni afurð sér Margir nemendur nýttu sér þetta en sumir kusu að vinna alfarið einir.


Eins og kom fram í upphafi var lagt upp með að nemendur ynnu út frá sínu áhugasviði. Nemendur fengu fræðslu um það hvernig þeir ættu að bera sig að við að afla upplýsinga og hvaða atriði þeir þyrftu að hafa í huga við skil á verkefninu.

## Verkefnavinna nemenda

### Verkefni 1

Ráðgjafi gat fylgt eftir fyrsta verkefni. Fyrirfram hafði hann gert sér í hugarlund að flest áhugamál sem fjallað yrði um væru boltaíþróttir. En annað kom á daginn það kom ráðgjafa mjög á óvart breiddin í áhugasviði nemenda og að þeir voru ófeimnir við að segja frá sínum áhugamálum.

Dæmi um áhugasvið nemenda sem fjallað var um í fyrsta verkefninu eru t.d. saga sundsins, táknmálakennsla, box, ferðalög, dans, skák o.fl.



Kennarar voru sáttir við vinnu nemenda en fannst að þeir gætu kafað betur í heimildir. Þeim fannst of oft nemendur fara stystu leiðina í heimildavinnslu. Það er þeir voru ekki gagnrýnir á það sem þeir fundu á netinu þeir settu upplýsingar bara fram og voru ekki alltaf að spá í það hvort þær væru réttar eður ei. Í öðrum skólanum var kennari sem var sérstaklega ósáttur með vinnu hjá sínum nemendum. Honum fannst þeir alls ekki skila góðum verkefnum. Ráðgjafi bauð strax fram aðstoð, það er að koma inn í árganginn og liðsinna kennara. Kennarinn vildi fá að prófa einu sinni enn að leggja inn verkefni með sínum árgangi og sjá hvernig það gengi.



### Verkefni 2

Almennt í báðum skólum fannst kennurum þeir ekki ná því sem þeir hefðu viljað fá út úr nemendum í verkefni 2. Nemendur voru áhugasamir og vildu svo sannarlega fjalla um áhugasvið sitt en ekki voru allir tilbúnir að leggja í þá vinnu að afla sér heimilda. Í þessu verkefni nýttu nemendur áfram upplýsingatæknina og m.a. voru nemendur sem skiluðu verkefnum á hlaðvarpi sem ráðgjafi fékk að hlusta á og kom vel út. Í gegnum hlaðvarpsþáttinn náðu nemendur að koma fram miklum upplýsingum á skemmtilegan hátt en samt á stuttum tíma. Kennarar fundu fyrir því að nemendur sóttu töluvert í það að skila verkefnum á google slides, það gæti stafað af því þar sem þetta er verkfæri sem nemendur hafa notað í töluverðan tíma og eru tiltölulega öruggir á því.

En þar sem kennurum fannst að nemendur gætu nýtt heimildir betur ákváðu þeir í öðrum skólanum að æfa nemendur meira í heimildavinnunni. Farið var þá leið að láta nemendur fjalla um ákveðna hluti og áttu þeir að finna nokkrar skemmtilegar staðreyndir um þá. Með þessu vildi kennarinn sýna nemendum hvernig þeir gætu unnið með heimildaöflun og staðreyndir um hluti/atburði. Þetta skilaði töluverðum árangri í þeim skóla.

**Upphaf leikferilsins**



Jennifer fékk fyrsta hlutverk sitt þegar hún var 9 ára gömul það var kirkju leikriti. Næstu árin lék hún í skóla söngleikjum og kirkju leikritum. Þegar hún var 14 ára gömul var hún uppgötvuð af umboðsmanni þar sem hún var að leika í auglýsingu fyrir H&M. Fyrsta hlutverkið hennar var lukkudýr í sjónvarpsþáttinum Monk.

Á meðan skólarnir unni í verkefni tvö, gekk yfir enn ein bylgjan af covid og hefur það örugglega líka haft áhrif á verkefnið og úrvinnslu þess. En á fundi með ráðgjafa kom skýrt fram hjá kennurum að þeir voru alls ekki tilbúnir að gefast upp og vildu halda áfram með þessa vinnu.

Kennarinn sem hafði verið sérstaklega ósáttur í öðrum skólanum með framlag sinna nemenda, sagði að það hefði gengið mun betur með verkefni tvö.

Þegar kennarinn var inntur eftir því þá kom það fram að hann hefði unnið betur í innlögninni á verkefninu og skipulagt hana betur. Það sýnir okkur mjög skýrt hve undirbúningurinn og innlögn er mikilvæg í allri vinnu.

### Verkefni 3

Í báðum skólunum gekk verkefni þrjú mjög vel. Í öðrum skólanum nefndu kennarar m.a. að sjálfstæði nemenda væri meira og vinnubrögð gagnvart heimildavinnu betri. Í þetta skipti gat ráðgjafi farið í áhorf

Þegar nemendur voru að hefja vinnu og sá hann með eigin augum þessa góðu vinnu. Því miður náði hann ekki að fylgja því eftir þar sem hann lagðist í covid en frétti hjá kennurum að áframhaldandi vinna og kynningar gengu mjög vel.



Í hinum skólanum þar sem kennarar höfðu almennt verið sammála um að nemendur færu ekki nóg á dýptina ákváðu þeir að breyta aðeins fyrir mælum. Kennarar settu upp 25 mismunandi verkefni sem nemendur máttu velja úr. Þetta virtist hjálpa nemendum og núna sýndu nemendur meiri metnað og fóru á dýptina í leit að upplýsingum. Líklega hefur líka hjálpað hér að kennarar voru búnir að vinna með nemendum allt skólaárið í að æfa þessi vinnubrögð og hafa svo sannarlega uppskorið vel. Hér fór ráðgjafi í áhorf þegar nemendur voru að skila verkefninu sínu. Ráðgjafi fékk m.a. að sjá eldgos, fékk fræðslu um blóðrásarkerfið, starfsemi heilans o.fl. Í þessari útfærslu nýttu nemendur upplýsingatæknina takmarkað í skilum. Þeir höfðu unnið verkefnið í ritvinnslukerfum og prentað út upplýsingar en bjuggu svo til módel af því sem þeir voru að fjalla um. Skemmtileg nálgun og gerði mikið fyrir áheyrendur að vera með sýnishorn og sýningar.



#### Verkefni 4

Hvorugur skólinn keyrði formlegt verkefni hér þar sem ýmislegt kom upp á yfir skólaárið og það bara náðist ekki tími en vissulega voru vinnubrögðin sem nemendur voru að temja sér nýtt í aðra verkefnavinnu yfir skólaárið.

#### Yngsta stig

Í öðrum skólanum var verkefnið einnig keyrt á yngsta stigi. Þar gerðu kennarar ekki kröfur um heimildavinnu en fléttuðu áhugasviðsvinnu inn í fjölmörg verkefni sem nemendur voru að vinna að. Dæmi um verkefni sem nemendur unnu að voru m.a. fjölskyldan mín, uppáhalds jólasveinninn minn, áhugaverðir staðir á Íslandi til að ferðast um, ég sjálf/ur, uppáhalds ljóðið mitt, uppáhalds dótið mitt, hver er ég? o.fl.

Nemendur nýttu sér upplýsingatæknina m.a. til að skila verkefnum en einnig voru verkefni líka handskrifuð eða skrifuð í tölvu og límd í stílabækur og myndskreytt. Lögð var rík áhersla á



að nemendur kynntu verkefni sín. Ráðgjafi hafði tök á að koma í heimsókn og hlusta á kynningar og það var ánægjulegt að fylgjast með því hvað nemendur áttu gott með að tala fyrir framan aðra. Það voru mjög fáir sem treystu sér ekki til að segja frá.



## Helstu hindranir

Upphaflega hafði verið ákveðið að nemendur ynnu þvert á skólastig og skólarnir myndu vinna saman. Vegna ytri aðstæðna í samfélaginu hefur verið aukið álag á kennara í skólum. Ákveðið var að falla frá því að verkefnið yrði keyrt þvert á skóla og skólastig.

## Mat á verkefninu

### Nemendur

Í lok verkefnisins var aftur lögð könnun fyrir nemendur til að sjá hvað þeim fannst um þessa vinnu. Varðandi líðan þá voru niðurstöðurnar þessar að í öðrum skólanum voru það 67,9% (haust 62,1%) nemenda sem leið almennt vel eða mjög vel. Nemendum sem leið sæmilega voru 29,26%. Í hinum skólanum voru það 68,6% (haust 62,7%) nemenda sem leið almennt vel eða mjög vel, og 28,6% sem leið sæmilega.

Þegar nemendur voru inntir eftir því hvernig þeim hefði fundist að vinna með verkefni út frá áhugasviði sínu þá voru niðurstöðurnar á þessa leið.

Í öðrum skólanum þá voru það 65,8% sem þóttu það skemmtilegt og mjög skemmtilegt. Síðan voru það 28,6% nemenda sem þóttu það allt í lagi að vinna svona verkefni. Í hinum skólanum þá voru það 72,8% sem þóttu það skemmtilegt og mjög skemmtilegt. Það voru 24,7% nemenda sem þóttu það allt í lagi.

Nemendur voru spurðir út í innlögn hjá kennurum hvernig þeir töldu að hún hefði nýst sér.

Í öðrum skólanum voru það 95,1% nemenda sem sögðu að innlögn hjá kennara hefðu nýst sér mjög vel eða vel. Í hinum skólanum var það 94,3% sem sögðu að innlögn hjá kennara hefðu nýst sér mjög vel eða vel. Þessi ánægja með innlögnina sýnir okkur hve mikilvægt það er að vanda til verka þegar kemur að innlögn kennara.

Nokkur atriði sem nemendur nefndu í könnun sem tekin var að vori

„kennararnir eru mjög góðir í að hjálpa mér og gera verkefni auðveldari að skilja“

„mér finnst stundum erfitt að kynna en ég get alveg gert verkefni“

„gera fleira saman þannig að við kynnumst hvort öðru betur“

„fleiri áhugasviðsverkefni“

„mér fannst þetta rosalega skemmtilegt verkefni en var þínu stressuð að kynna það“

„mér fannst þetta fræðandi og ég lærði líka meira um áhugamálið mitt“

### Kennarar

Kennurum fannst einn stór þáttur vera sá að í þessu verkefni fengu nemendur tækifæri til að vinna verkefni út frá sínum forsendum og margir sýndu á sér hliðar sem þeir höfðu ekki verið að sjá hjá þeim áður. Þessi verkefni voru nýtt inn í námsmat sem gaf góða innsýn inn í fjölbreytta hæfileika nemenda. Þeim fannst þessi nálgun á vinnunni góð viðbót við það sem þeir voru að gera. Þessar aðferðir sem notaðar voru náðu vel til nemenda og einnig góður kostur að hægt var að tengja þetta inn í flestallar námsgreinar. Kennurum fannst nemendur öðlast meiri færni í því að afla upplýsinga á netinu. Lærðu á mörg forrit. Efldust í sjálfstæði og kynningu á verkefnum. Samvinna nemenda styrktist þó svo að nemendur hafi skilað sér þá unnu þeir gjarnan saman í undirbúningsvinnu. Einnig fannst kennurum þetta styðja vel við fjölbreytt skil á verkefnum nemenda.

Kennarar voru sammála um að það að vinna með áhugasvið nemenda er eitthvað sem þeir myndu vilja gera áfram. Vissulega hafa þeir verið að gera það en ekki alltaf svona markvisst. Eitt af því sem kom fram hjá kennurum beggja skólanna var að þeim fannst auðveldara að keyra svona verkefni með yngsta- og miðstigi. Kennarar á unglíngastigi töluðu um að þeim fannst erfiðara að ná til nemenda þar. Í öðrum skólanum nefndi einn kennarinn á unglíngastigi m.a. að þar sem þetta verkefni hafði átt að reyna virkja drengi betur þá hafði hún fyrst og fremst séð stúlkurnar sýna þessari vinnu mikinn áhuga og hafa ánægju af. Þetta hafði ekki náð til drengjanna. Annar kennari á unglíngastigi nefndi að sér finndist nemendur hafa minni athyglisspönn. Báðir þessir kennarar hafa mikla kennslureynslu þannig að það er ekki hægt að kenna því um að þeir séu byrjendur og hafi illa ráðið við verkefnið.

Lokaorð höfð eftir einum kennaranum

„Ég tel að nemendur hafi orðið sjálfstæðari í verkefnavinnu og hafi meiri trú á sér t.d. þegar kemur að því að kynna verkefni. Þeir voru einnig áhugasamari, höfðu meiri metnað og köfuðu dýpra í efnið. Sem kennara fannst mér ávinningurinn vera að eiga auðveldara með að sleppa tókunum og leyfa nemendum að vinna í leitarnámi með opinni leit. Verkefnið pössuðu vel við hæfniviðmiðin og þá sérstaklega lykilhæfni“.

F.h. skólalastjóra Glerárskóla

A húnepi 13.06.2022

Þómas Lárus Villingsson  
deildarstjóri Glerárskóla

Anna Sigrún Rafnsdóttir

Anna Sigrún Rafnsdóttir